



Reykjanesbæ 6. september 2023

## Erindisbréf

### Nefnd um gerð frístundastefnu Reykjanesbæjar

Hlutverk nefndarinnar er að búa til frístundastefnu sem mun varða veginn í frístundamálefnum sveitarfélagsins næstu árin. Stefnunni er ætlað að fjalla meðal um tómstundir eldra fólks, uppbyggingu félagsmiðstöðva í hverfum ásamt afþreyingarmöguleikum fjölskyldna í sveitarféluginu.

Stefnan verður lögð fyrir íþróttá- og tómstundaráð til umsagnar og síðar fyrir öll ráð sveitarfélagsins.

Áherslur er á að skipulagning og framkvæmd frístundastarf taki mið af þörfum íbúa sveitarfélagsins þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem gildi frítímastarfs, afþreyingar-, menntunar- og forvarnargildi eru höfð að leiðarljósi. Að auki að stefnumótun í frístundamálum verði réttindum barna í sveitarféluginu til framdráttar. Einnig að tryggt verði að kynningar á frístundastefnu og framboði frístunda taki mið af þörfum barna með annað móðurmál en íslensku.

**Nefndin** hefur það hlutverk að sinna rannsóknarvinnu og þarfagreiningu á frístundastarfi íbúa í Reykjanesbæ. Í framhaldinu vinnur verkefnishópur frístundastefnu ásamt því að leggja til aðgerðaáætlun til 5 ára.

**Tímarammi:** Frístundastefna og aðgerðaáætlun 2025 - 2030 tilbúin til kynningar og umsagnar í lok árs 2024 og unnið verði markvisst að innleiðingu hennar.

**Starfshópinn skipa:**

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins.

Thelma Hrund Helgadóttir aðstoðarforstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins.

Ólafur Bergur Ólafsson frístundaleiðbeinandi Fjörheima og 88 Hússins og umsjónarmaður ungmennaráðs.

Þeim til halds og trausts: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður íþrótta- og tómstundaráðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Nefndin leiti ráðgjafar hagsmunaaðila s.s. ungmennaráðs og öldungaráðs og hjá þeim aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Virðingarfyllst,

Friðþjófur Helgi Karlsson formaður íþrótta- og tómstundaráðs.

Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi.